

Lokafundur Betadeildar föstudaginn 11. maí 2012 kl. 18:30.

Fundarstaður: Austurbyggð 4, heimili Þorgerðar Sigurðardóttur formanns.

Mættar voru 19 félagskonur úr Beta deild og 2 gestir.

Dagskrá:

1. Setning fundar
 2. Orð til umhugsunar
 3. Lestur fundargerðar
 4. Inntaka nýrra félaga
 5. Hefðbundin aðalfundarstörf
 6. Afmælisgjafir
 7. 35 ára afmæli Betadeildar
 8. Hapdrætti
 9. Önnur mál
-
1. **Setning fundar.** Þorgerður Sigurðardóttir formaður Betadeildar setti fund og Sigrún Aðalgeirsdóttir kveikti á kertum. Þorgerður bauð alla velkomna á fundinn og bar kveðjur frá fjarverandi konum.
 2. **Orð til umhugsunar.** Jórunn Elísdóttir talaði um börn en þau eru það sem stendur henni næst. Hún upplifir margt nýtt út frá veröld barnsins, meðal annars barnabækur en börn horfa á hlutina í öðru ljósi en hinir fullorðnu. Jórunn las upp úr bókinni „*Litla skólahúsið*“ eftir uppáhalds rithöfund sinn, Gyrði Elíasson. Lesin var sagan „Nokkrar kenningar um rottuskott“ og ljóðið „Hugarfjallið“.
 3. **Lestur fundargerðar.** Jónína Hauksdóttir varaformaður og ritari las upp fundargerð frá 17. apríl 2012 og bar hana upp til samþykktar. Fundargerð samþykkt með einni breytingu.
 4. **Inntaka nýrra félaga.** Tvær nýjar konur voru teknar inn í deildina, en það eru Aníta Jónsdóttir grunnskólakennari og Ragnheiður Sigurðardóttir bókasafnsfræðingur. Voru þær boðnar hjartanlega velkomnar með góðum óskum.
 5. **Hefðbundin aðalfundarstörf.**
 - a. Þorgerður Sigurðardóttir formaður las skýrslu stjórnar fyrir árin 2010-2012. Nálgastrá má skýrsluna á vefsíðu deildarinnar. Eftir lestur skýrslu sem talin var viðamikil og vönduð var rætt um mikilvægi þess að hafa allar skráningar varðandi störf Betakvenna fyrir Betadeild, landssamtökin og alþjóðasamtökin nákvæmar. Einnig var rætt um mikilvægi þess að konur í Betadeild kynni sig fyrir gestum sem eru að hugsa um að ganga í samtökin.
 - b. Sigrún Aðalgeirsdóttir gjaldkeri lagði fram reikninga deildar. Ekki er hægt að samþykkja reikninga strax þar sem formlegu starfsári er ekki lokið. Fram kom að tæpar 80.000 krónur eru til á bók, um 576.000 krónur eru í Elísabetarsjóði og að greiddar verði um 50.000 krónur til Unicef líkt og fyrri ár. Rætt var um fyrirkomulag árgjalds, Sigrún lagði til að árgjald til Betadeildar verði ákveðið óháð því gjaldi sem greitt er árlega til landssambandsins. Tillagan var samþykkt og um leið var samþykkt að hækka árgjald til Betadeildar í 5.000 krónur. Hægt verður að skipta gjaldinu í tvennt; fyrri greiðsla er árgjald til landssambandsins og seinni greiðsla er árgjald til Betadeildar ef konur kjósa svo. Rætt var um hvert innkoman fer sem kemur í pyngjuna góðu en Schools for Africa njóta góðs af innkomunni ár hvert. Sigrún verður í námsleyfi næsta starfsár og því mun ný stjórn þurfa að finna nýjan gjaldkera.

- c. Kosning í stjórn Elísabetarsjóðs. Óskað var eftir þremur konum til að sitja í stjórn Elísabetarsjóðs en til eru starfsreglur fyrir sjóðinn sem styrkir konur á Evrópu- og alþjóðáþing. Þær Anna Þóra Baldursdóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir og Ragnheiður Stefánsdóttir buðu sig fram og voru samþykktar með lófaklappi.
 - d. Útbreiðslunefnd. Óskað var eftir þremur konum til að sitja í nefnd sem stýrir kynningu á nýjum konum þar sem vandað verður til verka. Hugmyndin er að þessi nefnd móti í samstarfi með stjórn hlutverk nefndarinnar. Starfsár þessarar nefndar eru sömu tvö árin og hver stjórn situr. Þó þessi nefnd verði sett á laggirnar má þó ekki gleyma því að félagskonur geta allar stungið upp á konum. Þær Fríða Pétursdóttir, Ingibjörg Auðuns og Rósa K. Júlíusdóttir buðu sig fram og voru samþykktar með lófaklappi.
 - e. Kosning nýrrar stjórnar. Jóhanna Þorsteinsdóttir úr Uppstillingarnefnd kynnti nýja stjórn fyrir starfsárin 2012 – 2014. Það eru þær Jónína Hauksdóttir formaður, Björk Sigurðardóttir varaformaður, María Gunnarsdóttir ritari, Erna Gunnarsdóttir meðstjórnandi og Þorgerður Sigurðardóttir fráfarandi formaður. Ný stjórn mun skipa galdkera. Fram kom að Uppstillingarnefnd á að starfa samhliða stjórn og ef einhver úr stjórn hættir er það hlutverk Uppstillingarnefndar að útnefna nýjan einstakling í stjórn.
 - f. Þakkarorð. Þorgerður Sigurðardóttir fráfarandi formaður þakkar kærlega fyrir sig og segir um leið að vinnan hafi verið mun meiri en hana óraði fyrir jafnframt að félagskapurinn sé góður og starfið gefandi. Þorgerði voru þökkuð góð störf með lófaklappi.
6. **Afmælisgjafir.** Anna Þóra Baldursdóttir og Eygló Björnsdóttir fengu afhendar afmælisgjafir.
7. **35 ára afmæli Betadeildar 2. júní n.k.** . Hanna Salómons dóttir meðstjórnandi sagði frá skipulagi afmælisins. Rósa Eggertsdóttir verður heiðruð fyrir störf sín og þakkar hún kærlega fyrir heiðurinn. Búið er að tryggja húsnæði að Hrafnagili í aðstöðu aldraðra og gaman er að segja frá því að Rósa Eggertsdóttir bæði bjó og vann í því húsnæði áður fyrr. Búið er að ákveða hvaða veitingar verða á boðstólum, kaffi, súkkulaði með rjóma, pönnukökur með rjóma og pönnukökur með sykri, flatbrauð með hangikjöti og kleinur. Listi var látinn ganga þar sem konur skrifuðu sig fyrir ákveðnu framlagi til afmælisins. Mý deild er búin að fá boðsbréf. Tónlistaratriði verður á dagskrá og mun María Gunnarsdóttir í Betadeild hafa umsjón með vþí atriði.
8. **Happdrætti.** Hanna Salómons dóttir meðstjórnandi kom með nýjung í happdrættismálum, í stað þess að dregin séu númer eru nöfn félagskvenna sett í pott og dregið úr þeim. Þá þarf ekki að draga oft til að kalla fram vinningshafa. Í þetta skiptið hlaut Anna Jóhannesdóttir vinninginn.
9. **Önnur mál.** Þorgerður Sigurðardóttir þakkar fráfarandi stjórn kærlega fyrir samstarfið.

Þorgerður sleit fundi kl. 20:05.

Eftir fund fóru konur á Icelandair Hotel og nutu góðra veitinga.

Ritari: Jónína Hauksdóttir